

Tillaga til þingsályktunar

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeys um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2016.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeys um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2016 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 22. og 31. desember 2015.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeys um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2016 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 22. og 31. desember 2015. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi kveður á um heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2016. Hann er óbreyttur frá fyrra ári.

Samningurinn gerir ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2016.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2016.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 31. desember 2015 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2016. Heildaraflí þorsks verður þó samkvæmt samningi þessum ekki meiri en 1.900 lestir, heildaraflí keilu ekki meiri en 650 lestir og engar veiðar eru heimilaðar á lúðu eða grálúðu.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsgöu á árinu 2016.**

a. Bréf utanríkisráðherra Færeyja til utanríkisráðherra Íslands

Tórshavn, 22. desember 2015

Harra Uttanríkisráðharri,
 Gunnar Bragi Sveinsson
 Ministry for Foreign Affairs
 Raudararstígur 25
 105 Reykjavík

Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum feroyska og íslendska fiskimálaráðharrarnar um fiskiveiðu í feroyskum og íslendskum sjógví í 2016.

Eg havi skilt, at semja er um fylgjandi:

„Semja
 millum Ísland og Føroyar
 um fiskiveiði í íslendskum og feroyskum sjógví í 2016.

1. gr.

Veiðiheimildirnar hjá feroyskum nótaskipum í lodnuvertíðini 2016/2017 verða 30 túmund tons, um heildarlodnukvotan er 500 túmund tons ella meir. Er heildarkvotan minni enn 500 túmund tons, verður parturin hjá feroyskum skipum 5% av heildarkvotuni.

Loyvt er feroyskum skipum at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Verður heildarlodnukvotan minni enn 500 túmund tons, er loyvt at landa til matna utan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á feroyskum verksmiðjuskipum nøgd sum svarar til $\frac{3}{4}$ av kvotuni hjá feroyskum skipum, sbr. 1. grein. Verður heildarkvotan har aftur ímóti stórra enn 500 túmund tons, er ikki loyvt at landa til matna utan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á feroyskum skipum meira enn $\frac{2}{3}$ av feroysku kvotuni, sbr. 1. grein. Eftir 15. februar skal ikki meira enn $\frac{1}{3}$ av feroysku kvotuni fara til matna utan fyri Ísland.

Feroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2016/2017 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grónland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslendskum búskaparøki í 2016. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslenskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyiskum sjógví í 2016. Tó kunnu ikki fleiri enn 12 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í føroyiskum sjógví. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslendskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ovtrongt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslenskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyiskum sjógví í 2016 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Føroyesk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir. Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyiskum sjógví, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroyesk skip um reiðskap og fiskileiðir. Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjenum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjenum. Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi. Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgöva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgöva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligar ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.“

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Poul Michelsen, uttanríkisráðharri

b. Svarbréf utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Færeyja.

Reykjavík, 31. desember 2015

Hr. landstjórnarmaður
Poul Michelsen
Uttanríkis- og vinnumálaráðið
Tórshavn

Hr. landstjórnarmaður,

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar, dags. 22. desember sl., sem er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsgötu á árinu 2016.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færøyskrar lögsgöu á árinu 2016.

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2016/2017 verða 30 þúsund lestir, enda verði leyfilegur heildaraflí a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildaraflí minni en 500 þús. lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildaraflí minni en 500 þús. lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taká til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að 3/4 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildaraflí aftur á móti meiri en 500 þús. lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taká til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur 2/3 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 15. febrúar skal eigi meira en 1/3 hluti af kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2016/2017 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórvalda.

2, gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2016. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeysja á árinu 2016. Eigi skulu fleiri en 12 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeysja. Færeysjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngvætti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur

landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2016 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra